

Sendandi: Margrét Guðmundsdóttir

Reykjavík, 3. nóvember 2020

Til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

Efni: Athugasemd við frumvarp til laga um mannanöfn.
Þingskjal 162 — 161. mál.

Um 1. gr.

Skylda til að bera nafn.

„Barn skal bera hið minnsta eitt eiginnafn og eitt kenninamn.“

Ekki verður annað séð af frumvarpinu en að maður geti borið „ættarnamn“ án þess að aðrir í fjölskyldu hans beri sama ættarnamn (sjá einnig athugasemd um 5. gr.). Þar með verður ekki séð að „kenninamn“ sé neitt annað en seinna (eða síðasta) nafn. Ég sé enga ástæðu til þess að skylda fólk til að bera fleiri en eitt nafn.

Um 3. gr.

Fullt nafn og birtingarnamn.

„Nafnið má [ekki] vera stakur bókstafur“

Með þessu er nafnið *A* útilokað. Það er þó til sem sérnafn (örnefni) og skýtur skökku við að banna það í lögum sem annars einkennast af umtalsverðu frjálstræði.

Um 4. gr.

Eiginnöfn.

Af fyrstu málsgrein má ráða að gert sé ráð fyrir að eiginnöfn séu nafnorð: „Eiginnafn skal vera í nefnifalli, án greinis og auðkennt með stórum upphafsstaf.“

Ýmis eiginnöfn eru samhljóma lýsingarorðum, *Ljótur, Friður/Friða, Bjartur, Björt*. Sem nöfn eru þau nafnorð og beygjast sem slík. Ekki er óvarlegt að ætla að nöfnum af þessu tagi fjölgi með auknu frjálstræði. Ýmis lýsingarorð gætu þá í fyrstu verið mjög framandi sem nöfn og ekki einsýnt hvers konar nafnorðabeygingu þau ættu að taka, til að mynda hvort nafnið *Góður* væri *Góðan* í þolfalli. Ég tel ástæðu til að taka fram í lögnum að nöfn skuli taka nafnorðabeygingu.

„Eiginnafn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.“

Í umsögnum bæði Barnaverndarstofu og umboðsmanns barna kemur fram að þörf sé á ákvæði af þessu tagi. Það er þó mitt mat að orðið *ami* bjóði upp á alltof matskennda túlkun byggða á smekk þeirra sem með úrskurðarvaldið fara. Orðið *ami* merkir samkvæmt *Íslenskri nútímamálsorðabók* (sjá málið.is) ‘e-ð sem er til leiðinda eða óþæginda’. Það má augljóslega segja um fjölmörg viðurkennd nöfn.

Þegar litið er á sögu þessa ákvæðis hræða spörin: Foreldrum var bannað að gefa dóttur sinni nafnið *Villimey* á grundvelli amaákvæðis. Nafnið notaði stúlkan þrátt fyrir það og ætla má að það hafi valdið henni miklum ama að fá nafnið sitt ekki skráð í þjóðskrá. Nafnið var samþykkt

Þegar hún var komin á þrítugsaldur (sjá t.d. <https://www.ruv.is/frett/2016/09/04/fekk-nafnid-vidurkennt-eftir-22-ar>). Vel sést á þessu að nefndir og ráð geta ekki séð fyrir hvað muni valda ama og vert að líta til þess að ungmenni nú til dags eru væntanlega umburðarlyndari en eldri kynslóðir þar sem þau alast upp við meiri menningarlega fjölbreytni.

Nýlegt dæmi er um að beiðni konu um að taka sér nafnið *Eldflaug* var synjað. Rökin voru sótt til þess að sjaldgæft væri að „samnöfn sem merkja manngerð tól og tæki af ýmsu tagi“ væru notuð sem mannanöfn, en þó bent á slík dæmi, „*Vagn* ‘kerra’ og *Brandur* ‘sverð’“ en tiltekið að engin þeirra væru samsett eins og *Eldflaug*. Með þessu var að mínum dómi ákvæði um að nafn megji ekki „brjóta í bág við íslenskt málkerfi“ þanið til hins ítrasta en amaákvæði kom einnig við sögu í úrskurðinum:

Þegar svo háttar að fullorðin kona sækir um að taka upp nýtt nafn er ekki unnt að fullyrða að nafnið verði nafnbera til ama. Hins vegar verður ekki hjá því komist að hafa í huga að með því að setja nafn á mannanafnaskrá er það um leið orðið mögulegt nafn fyrir nýfædd börn. Mannanafnanefnd ber því að meta hvort nafn sé þess eðlis að það geti orðið barni til ama. Gera má ráð fyrir að eiginnafnið *Eldflaug* geti orðið barni til ama **þar sem það tilheyrir merkingarflokki sem fá eiginnöfn og engin samsett eiginnöfn hafa tilheyrð hingað til**. [leturbr. mín]. (<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2013/07/29/Mal-nr.-27-2013-urskurdur-29.-juli-2013/>)

Það má vissulega velja því fyrir sér hvers vegna mörgum Íslendingum finnst sjálfsagt að agnúast út í annarra manna nöfn og valda fólki með því ama (sbr. háðsgreinina „Kusi litli“ sem birtist í *Stundinni* 30. júlí 2019 (<https://stundin.is/grein/9261>)). Hins vegar veit ég ekki dæmi þess að almennir málnotendur beiti viðlíka „rökum“ þegar þeir gagnrýna nöfn eins og fram koma aftast í ofangreindri tilvitnun (feitiletruð). Það er einfaldlega smekkur sem ræður ferðinni í langflestum tilvikum. Fólki finnst nöfn ljót og leyfir sér að segja það. En röksemdafærslan sýnir hve langt er hægt að teygja ákvæði um ama.

Ég legg til að orðinu *ami* verði skipt út fyrir sterkara orðalag sem ekki býður heim jafn tilviljanakenndu mati. Til að mynda mætti takmarka bannið við nöfn sem gætu á einhvern hátt talist svívirðileg, niðurlægjandi eða líkleg til að særa blygðunarsemi fólki. Ég læt vera að nefna dæmi.

Um 5. gr.
Kenninöfn.

Í frumvarpinu er „ættarnafn“ ekki skilgreint. Af því leiðir að ekki verður séð að skýr munur verði á eiginnöfnum og ættarnöfnum. Þannig virðist frumvarpið heimila að systkini fái hvert sitt „ættarnafn“ og ekki virðist gerð krafa um að foreldrarnir taki sér ættarnafnið sem þeir velja barni sínu eða börnum. Hvað er þá ættarnafn? Að hvaða leyti er það ólíkt eiginnafni? Ég tel að skilgreina þurfi betur í lögnum hvað ættarnafn felur í sér.

Margrét Guðmundsdóttir, málfræðingur